

Drög að ályktun 45. Þings í aðdraganda kjarasaminga

45. Þing Alþýðusambands Íslands hvetur forystu sambandsins, miðstjórn og aðildafélög til að byggja upp kröftuga samstöðu meðal launafólks í aðdraganda kjarasamninga. Jafnframt hvetur þingið forystu sambandsins og samninganefnd til að leggja áherslu á *trygga afkomu, öruggt húsnæði og réttlátt skattkerfi* við undirbúning kjarasamninga.

- **Trygg afkoma:**
Forysta ASÍ vinni að bættri afkomu og kaupmætti launafólks. Forystan beiti sér fyrir aðgerðum sem draga úr afkomuvanda heimila.
- **Öruggt húsnæði:**
Forysta ASÍ beiti sér fyrir umbótum á húsnæðismarkaði, kröftugri uppbyggingu óhagnaðardrifinna leiguíbúða og aðgerðum sem auka húsnæðisöryggi og draga úr íþyngjandi húsnæðiskostnaði.
- **Réttlátt skattkerfi:**
Forysta ASÍ beiti sér fyrir réttlátu skattkerfi, skattkerfi sem stendur undir öflugri velferð og innviðum. Skattkerfi sem stuðlar að jöfnuði, þar sem hinir efnamestu geta ekki komist hjá eðlilegum framlagi til samfélagsins.

45. Þing ASÍ er haldið við alvarlegar aðstæður í íslensku samfélagi. Mikil verðbólga hefur dregið úr kaupmætti heimila, neyðarástand ríkir á húsnæðismarkaði og hnignun velferðarkerfisins blasir við almenningi. Stjórnvöldum hefur mistekist að leggja grunn af efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Neyðarástand á húsnæðismarkaði, fasteignabóla, veiking heilbrigðiskerfis, aukin fákeppni og skattkerfi sem þjónar þeim eignamestu eru ekki á ábyrgð launafólks. Atvinnurekendur hafa ekki sýnt ábyrgð og hafa þrátt fyrir metaftömu velt kostnaðarhækkunum af fullum þunga út í verðlag. Stjórnvöld hafa ekki sýnt ábyrgð og hafa sett sérhagsmuni frammar almannahagsmunum. Innviðir samfélagsins eru fjársveltir á sama tíma og auðmagn og stórfyrirtæki komast hjá eðlilegu framlagi til samfélagsins.

Stöðugleiki verður ekki eingöngu settur á herðar launafólks. Þing ASÍ skorar á stjórnvöld og atvinnurekendur að ganga til viðræðna við launafólk og sýna raunverulegan vilja til að vinna að þjóðarsátt, stöðugleika, jöfnuði og bættum lífskjörum almennings.

Guðni Þorsteinsson
 Isleifur Erlingsson
 Einar Þorsteinsson
 Sólveig Rut Jóhannsdóttir
 Hleimur Kristjánsson
 Kristján Þóroddur Sveinsson
 Jakob Tappan
 Óskar Halldór Gunnarsson
 Anneli Ragnheiða Hentala
 Reynir Þór Þorgeirsson

Valur Valur
 Þórunn Þorvaldur Halldórsson
 Sigrún Sigrúnardóttir
 Þórunn Þorvaldur Halldórsson
 Þórunn Þorvaldur Halldórsson